

FYLGIRIT MEÐ ÆTTARPÓSTINUM

okt.2000

Hér á eftir birtist nokkuð af því efni sem flutt var á Ættarflöt í Skógargerði laugardagskvöldið 15. júlí árið 2000.

Ágúst Marinósson

Ættarmót í aldarlok

Austurlandið á mig kallar,
ekki er mér í sinni rótt.
Dreymir mig þar fögru fjöllin;
Fljótið liðast áfram hljótt.
Skógivaxnir víðir vellir
vaka þar um sumarnótt.
Hvergi leit ég landið fegra
líf mitt tel ég hingað sótt.

Ég telst ekki ættlaus maður,
oft mig sagan hefur kætt.
Þó lífið oftast einhvernveginn
á mig virki sundurtætt.
Ég var eins og fleiri forðum
flokkaður í Hallgrímsætt
en hvort ég sé ættarsómi,
um það er víst minna rætt.

Þó ég spakur mæri mikið
mikla skóga. Þetta Fljót,
undir niðri, önnur hyggja,
áhugi af nýrri rót.
Í mig toga ættarböndin
allt til jafns við fossa og grjót.
Set í tösku föt og flösku,
fer og sæki ættarmót.

Parna fólkið safnast saman.
Sjá má vel í einni hjörð
skáta prúða, prófessora
presta, sjómenn, brunavörð,
bændur, skáld og skemmtikrafta
skörulega troða jörð,
gamalt fólk og galna krakka
glettast út um holt og börð.

Saman gleðst hér flokkur fríður,
frændur geta saman rætt.
Lyftir glösum, ljómar kenndur
lýðurinn af sömu ætt.
Hallar kvöldi, kórinn stækkar
konur loka dyragætt.
Undir hlær í ás og fellum.
Íslandslögin hljóma sætt.

Og enn kvað hann

Þó verði syðra súld og rok,
saggaveður baldið
Ættarmót í aldarlok
er í Fellum haldið.

Héraðsbúar, fríðleiksfólk
fráleitt orðstír týni,
„lifa hér á mysu og mjólk
en mest á brennivíni“.

Á Austurlandi er oftast sól
og úrval hraustra manna,
Íslands fremsta byggða ból
best hér dæmin sanna.

Trúgjarna þó telja má,
tek ég dæmi á móti.
Ógnardreka, ekki smá,
ætla í Lagarfljóti.

Engan lengur auðan blett
á má renna plógi.
Takast mun með þrjósku þétt
þekja landið skógi.
